

Fundur í stjórn UÍA haldin á Egilsstöðum þann 09.10.2019

Kl. 17:54

Mættir eru: Benedikt Jónsson, Ester Sigurðardóttir, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gunnarson og Auður Vala Gunnarsdóttir.

- **Síðasta fundargerð**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með dúndrandi lófaklappi.

- **Skýrsla skrifstofu**

Unglingalandsmót á Hornafirði: Gekk vel og ágætis hópur frá UÍA sem fór

Tour de ormurinn: Aðeins minni skráning en í fyrra en gekk mjög vel. Stangaðist á við Ed Sheeran og Fiskidagstónleika í ár.

Sprettur: Umræður um lagabreytingar tengdar spretti. Sóley Dögg mun taka sæti í úthlutunarnefnd spretts.

Launafsbikarinn: Kláraðist í Ágúst. UMFb tóku titilinn.

Bólholtsbikarinn: Fer af stað í Nóvember. Með sama sniði og venjulega.

- **Sambandsþing UMFÍ:**

UÍA á 9 fulltrúa á þinginu sem fer fram á Laugarbakka í Miðfirði. Verið er að vinna í því að finna fulltrúar svo við náum að fullmanna okkar fulltrúafjölda.

Farið yfir allar tillögur sem liggja fyrir á þinginu og umræður um þær.

- **Verkefni framundan**

Snæfell: Hugmyndir um efnistöð rædd.

- **Umsóknir um styrki**

Auður Vala vék af fundi á meðan þetta mál var tekið fyrir.

Fimleikadeild Hattar óskar eftir styrk úr afreks og fræðslusjóð fyrir námskeið 1C þar sem kennari kom austur og hélt námskeið fyrir 14 aðila. og 2B þar sem tveir þjálfarar fara suður á námskeið. Áætlaður kostnaður við þetta er 314.000 kr. Sótt er um styrk um 200.000 krónur í þetta verkefni.

Samþykkt var að veita 100.000 kr. í þetta verkefni.

Önnur mál:

UÍA mun skoða að bæta fimleikum undir afreksíþróttir UÍA. Þá muni 100.000 krónur árlega renni í afrekshóp fimleikadeildar hattar.

Stefnt að næsta fundi miðvikudaginn 30. Okt 2019. klukkan 18:00 að staðartíma.

Fleira ekki gert og fundi slitið 20:06

Fundargerð ritaði Benedikt Jónsson